

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

Árið 2009, fimmtudaginn 15. janúar kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til 153. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 15:00. Mætt undirrituð. Oddviti setti fund.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs.
 - a) Fundargerð 578. fundar 15. des. 2008. Fundargerð í 8 liðum. Borinn undir atkvæði 7. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 6 atkvæðum. Rakel Runólfsdóttir óskaði bókað að hún greiði ekki atkvæði við afgreiðslu þessa liðar. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
 - b) Fundargerð 579. fundar 22. des. 2008. Fundargerð í 11 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 10. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðar reglur um styrki til tónlistarnáms.“ Borinn undir atkvæði 10. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
 - c) Fundargerð 580. fundar 5. janúar 2009. Fundargerð í 7 liðum. Borinn undir atkvæði 2. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 4 atkvæðum gegn 1. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
 - d) Fundargerð 581. fundar 12. janúar. Fundargerð í 9 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 1. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir vegna ársins 2009 að framlengja uppsagnarfrest á samningi milli Reykjatanga ehf og Húnaþingi vestra um rekstur skólabúða til 1. apríl.“ Borinn undir atkvæði 1. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
2. Fundargerð 156. fundar skipulags- og umhverfisráðs. 13. janúar. Fundargerð í 5 liðum. Oddviti kynnti. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 2.a. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir fyrir sitt leyti umsögn skipulags- og umhverfisráðs frá 156. fundi ráðsins þann 13. janúar sl. en þar segir eftirfarandi: „Byggðarráð Húnaþings vestra óskar eftir umsögn um erindi Benedikts Ragnarssonar kt: 100662-3619 f.h. eigenda vegna stofnunar lögbýlis á Barkarstaðarskógi (Barkarstaðasel) Lnr. 155061. M.t.t. skipulags- og búrekstaráðstöðu nálægra jarða gerir ráðið ekki athugasemdir og leggur til að erindið verði samþykkt“.

Borinn undir atkvæði 2. a. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 5 atkvæðum. Borinn undir atkvæði 2.b. lið fundargerðarinnar og samþykktur með 5 atkvæðum ásamt framlagðri tillögu. Bornir undir atkvæði 3. og 4. liður fundargerðarinnar og samþykktir með 6 atkvæðum.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 1.a. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða tillögu um breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 í landi Bessastaða í Húnaþingi vestra. Athugasemdarfrestur rann út þann 4. janúar sl. og engin athugasemd barst.“ Borinn undir atkvæði 1. a. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 5 atkvæðum.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 1.b. liðar: „Með fyrirvara um staðfestingu ráðherra á breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 í landi Bessastaða, samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra framlagða tillögu að deiliskipulagi í landi Bessastaða í Húnaþingi vestra. Athugasemdarfrestur rann út þann 4. janúar sl. og engin athugasemd barst“. Borinn undir atkvæði 1.b. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 5 atkvæðum.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 5. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir ósk Guðnýjar H. Björnsdóttur kt. 210569-4809 og Jóhanns B.

Magnússonar kt. 190566-3319, landeigenda Bessastaða í Húnaþingi vestra um landskipti og breytingu á landnotum í samræmi við skipulagstillögur svæðisins og uppdrátt frá Ráðbarði sf. nr. HVB 0802 dags. 30.04.2008.“ Borinn undir atkvæði 5. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 4 atkvæðum. Guðný Helga Björnsdóttir vék af fundi við afgreiðslu liða 1.a, 1.b og 5 í fundargerðinni vegna vanhæfis.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 2.b. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að hvetja eigendur þeirra íbúðarhúsa í þéttbýli sem bera/báru nöfn að merkja þau með heiti viðkomandi fasteignar. Einnig samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra að það sé framtíðarverkefni að merkja eyðibýli við þjóðvegi í sveitarfélaginu.“ (Vísað er til afgreiðslu 2b. liðar).

3. Fjárhagsáætlun 2010, 2011 og 2012 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtækja. Fyrri umræða. Sveitarstjóri og skrifstofustjóri lögðu fram áætlunina og kynntu hana. Að loknum umræðum lagði oddviti til að fjárhagsáætluninni verði vísað til síðari umræðu. Samþykkt með 6 atkvæðum.

Þorleifur Karl Eggertsson vék af fundi kl. 16:20 eftir afgreiðslu 1. dagskrárliðar.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 17:55.

Ólafur B. Óskarsson, fundarritari(sign.),

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Elín R. Líndal(sign.),

Oddur Sigurðarson(sign.), Rakel Runólfsdóttir(sign.),

Stefán Böðvarsson(sign.), Heimir Ágústsson(sign.),

Þ. Karl Eggertsson(sign.), Skúli Þórðarson(sign.).